

Hrönn Jónsdóttir

From: Ingibjörg Hinriksdóttir <ingibjorg.hinriksdottir@samband.is>
Sent: mánudagur, 22. ágúst 2022 14:09
To: Ingibjörg Hinriksdóttir
Subject: Aðlögun að breyttum heimi – hefjum samtalið

Categories: GoPro: Skjalað undir 202208-0015 - Aðlögun að breyttum heimi - ráðstefna - í vinnslu (mál)

Vinsamlega komið áfram til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn.

Kæri viðtakandi

Þér er boðið á viðburðinn „[Aðlögun að breyttum heimi – hefjum samtalið. Sveitarfélög, áhrif loftslagsbreytinga og aðlögunaraðgerðir](#)“ sem verður haldinn á Grand Hótel (**einnig í streymi**) 5. september frá kl. 09:00-12:00.

Markmið viðburðarins snúa fyrst og fremst að því að hefja umræðu um aðlögun að loftslagsbreytingum fyrir alvöru með fulltrúum sveitarfélaga landsins, sem og öðrum er málið varðar. Mikilvægt er að stuðla að aukinni umræðu og fræðslu um eðli og mikilvægi aðlögunarvinnu á öllum stigum stjórnsýslunnar, ekki síst sveitarstjórnarstigi, vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Athugið að takmarkað sætaframboð er í boði á viðburðinn á Grand Hótel (ótakmarkað í streymi) og [skráning staðfundinn fer fram á vef sambandsins](#). Hvetjum ykkur því til að skrá ykkur sem fyrst.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest!

*Skipuleggjenda ráðstefnunnar,
Veðurstofa Íslands, Byggðastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Innviðaráðuneytið og Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið.*